

226/27

Fundur haldinn í héraðsráði þriðjudaginn 21. febrúar 2006 kl. 10:00 á skrifstofu Höfðahrepps. Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Magnús B. Jónsson og Rafn Sigurbjörnsson varamaður Jóhanns Guðmundssonar sem hefur misst umboð sitt.

Dagskrá:

1. Erindi frá sýslumanninum á Blönduósi.
 2. Launamál
 3. Erindi frá Héraðsnefnd Strandasýslu
 4. Námskeiðið „Skrifstofubrautin“
 5. Önnur mál
-
1. Framkvæmdastjóri lagði fram bréf frá sýslumanni ásamt tillögu að skipuriti fyrir almannavarnir á svæðinu. Óskar sýslumaður eftir afstöðu héraðsráðs við tillögunni og jafnframt að héraðsráðið kjósi í almannavarnanefnd, Héraðsráð samþykkir tilöguna og tilnefnir Valgarð Hilmarsson aðalmann í almannavarnarnefnd og Ágúst Þór Bragason til vara.
 2. Tekið fyrir bréf Launanefndar sveitarfélaga frá 28. janúar s.l. þar sem veitt er heimild til að bæta við launaflokkum og mánaðarlegum eingreiðslum við tiltekin störf vegna starfsmanna með aðild að stéttarfélögum sem samið hafa um starfsmat við L.N. Héraðsráð samþykkir að nýta heimildina gagnvart starfsmönnum héraðsnefndar. Samþykktin gildir út samningstíma viðkomandi stéttarfélags.
 3. Lagt fram bréf Héraðsnefndar Strandasýslu þar sem óskað er eftir fundi með stjórn Byggðasafnsins á Reykjum þar sem rædd yrði framtíð safnsins.
 4. Héraðsráði barst beiðni um þátttöku í námskeiði fyrir skrifstofufólk sem haldið verður á vegum Farskóla Norðurlands vestra og Svæðisvinnumiðlunar. Námskeiðið var auglýst og hafa rúmlega 50 einstaklingar sótt um. Áætlun um kostnað lá fyrir fundinum þar sem gert er ráð fyrir að kostnaður héraðsnefndar við þátttöku yrði um 800. þús. til 1. millj. kr. Héraðsráð samþykkir áætlunina fyrir sitt leiti og vísar henni til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2006.
 5. Önnur mál:
Magnús lagði til að samningi við Hringrás um brotamálma verði sagt upp og var það samþykkt.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 11:45

Valgarður Hilmarsson

Rafn Sigurbjörnsson

Magnús B. Jónsson